

Fundargerð

212. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 29. september 2015 kl. 12¹⁵–13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH) v.m. (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) v.m. LG

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Fundardagar stjórnar haustið 2015
- (3) Ársreikningur og skýrsla stjórnar 2014
- (4) Söfnunarstöðvargjöld
- (5) Þróun endurvinnslumarkaða
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (211. fundar).

2. Fundardagar stjórnar haustið 2015

Lögð var fram á fundinum tillaga að fundardögum stjórnar Úrvinnslusjóðs haustið 2015 auk tillögu um kynningarfund fyrir stjórnarmenn og varamenn þeirra.

3. Ársreikningur og skýrsla stjórnar 2014

Lögð voru fram drög að skýrslu stjórnar í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem fram komu á síðasta stjórnarfundi.

Stefnt er að samþykkja skýrslu stjórnar og staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs á næsta stjórnarfundi.

4. Söfnunarstöðvargjöld

Lagt var fyrir fundinn svarbréf UAR við erindi stjórnar Úrvinnslusjóðs, 28. desember 2014, þar sem þess var óskað að ráðuneytið tæki til skoðunar hvort og þá hvernig útboð Sorpu á viðtöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá endurvinnslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu samræmdist lögum um meðhöndlun úrgangs.

Meðfylgjandi svarbréfinu var lagt fram á fundinum yfirlit um lagaákvæði sem gilda um söfnunarstöðvargjöld og framkvæmd Úrvinnslusjóðs við greiðslu þeirra fram til þessa.

Núverandi fyrirkomulag var ákveðið af stjórn Úrvinnslusjóðs árið 2008. Lagt var fram bréf á fundinum sem inniheldur samþykkt stjórnar frá árinu 2008. ÓK fór yfir bréfið og sýndi glærur sem innihéldu lagagreinar úr lögum 162/2002 um úrvinnslugjald og 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem tengjast við ákvörðun greiðslu söfnunarstöðvargjalda.

Stjórn ræddi hvort þörf sé á að breyta núverandi fyrirkomulagi.
Stjórnarmenn munu ræða við sitt bakland og gera grein fyrir afstöðu sinni á næsta fundi.
Umræðu frestað.

5. Þróun endurvinnslumarkaða

Lagt var fram erindi frá Efnarás þar sem óskað er eftir hækkun á greiðslum Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun og endurvinnslu/endurnýtingu raf- og rafeindatækjaúrgangs.
ÓK mun taka saman útreikninga fyrir næsta fund. Umræðu frestað.

6. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 20. október 2015.
Fundu slitið kl 13:50